

Pingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 12. júlí 2023
UST202306-061/A.B.
10.04.00

Efni: Grenndarkynning - Byggingaráform að Stekk við Ljósavatn – Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um grenndarkynningu vegna byggingaráforma að Stekk við Ljósavatn í Pingeyjarsveit.

Í erindinu kemur fram að um er að ræða 69 m² frístundahús úr timbri sem staðsett verður í um 30 m frá vatnsbakka Ljósavatns sem er á náttúruminjaskrá.

Áður hefur Innviðaráðuneyti veitt undanþágu frá gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um að utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að ekki einungis vatnið er á náttúruminjaskrá heldur einnig landið umhverfis það.¹ Svæðinu er lýst sem fjölbreyttu landslagi, með stöðuvatni, framhlaup, jökulurðarhólum, hraunum og skógum.²

Því er mikilvægt að framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðisins og mannvirki falli vel að landi. Auk þess er mikilvægt að fráveita sé í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/nordausturland/>